

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Lúðvík Hermannsson <ludvikh@ms.is>
Sent: mánudagur, 16. desember 2019 11:30
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Cc: Elísabet Svansdóttir; Garðar Freyr Vilhjálmsson; Pálmi Vilhjálmsson
Subject: rafmagnsleysi.

Sælir.

Til sveitastjórnar Dalabyggðar

Við hjá MS í Búðardal erum búin að vera í rafmagnsleysi meira og minna síðustu daga, og enn sér ekki fyrir endan á því, enda hefur rafmagn verið að koma og fara og ekki hægt að fá upplýsingar um hvað er í gangi. Hér í Búðardal er engu betra ástand en fyrir norðan, enda fáum við rafmagn úr sama tengivirki í Hrútatungu. Hins vegar heyrir ekki neitt frá neinum í Dölum, og allir halda að þar sé allt í lagi með rafmagn.

Þetta ástand í rafmagnsmálum er óþolandi, og búið að vera þannig í mjög mörg ár. Við höfum orðið rafmagnslaus meira og minna á hverju ári, annað hvort alveg, eða rafskautaketillinn okkar tekin út úr kerfinu. Varaafli er af mjög skorum skammti í Dölunum, og oft er reynt að keyra afl á Skógarstrandalínu, sem er að verða 70 ára gömul sveitalína sem flytur lítið brot af því sem við þurfum. MS í Búðardal hefur orðið fyrir stórtjóni undanfarin ár bæði á búnaði og vörum, enda erum við með mikið af búnaði sem er viðkvæmur fyrir rafmagnstruflunum.

MS í Búðardal hefur á s.l 10 árum tvöfaldað framleiðslu sína með miklum metnaði í ostagerð, og erum við undirstaðan undir mjólkurframleiðslu og mjólkurvinnslu í Dölum. Það er því með öllu óþolandi að slík starfsemi hafi ekki trygga innviði til að byggja á. Þess má geta að í þessu veðri urðu engar aðrar starfsstöðvar MS fyrir rafmagnsleysi ef frá eru taldar þrjár klst. á Egilsstöðum.

Nú er verið að tala um að bæta kerfið og koma upp betra varaafli víða um land, og því skora ég á sveitastjórn Dalabyggðar að láta duglega í sér heyra, með yfirlýsingum og fundum við ráðamenn til að tryggja að Dalabyggð verði með ef farið verður í að endurbæta dreifikerfi raforku og ekki síður að koma upp varaafli.

Dreifikerfi raforku í Dölum er orðið gamalt, þannig að öflug varaafstöð í Búðardal myndi bjarga miklu, og hægt væri að treysta á.

KV

Lúðvík Hermannsson
Rekstrarstjóri

Mjólkursamsalan Búðardalur Egilsstaðir

Brekkuhvammur 15, 370. Hamragerði 1, 700.

Sími: +354 4501204 GSM: +354 6641641



Í eigu íslenskra
kúabænda um allt land

